

Þriðjudaginn 12. ágúst 1980.

Nr. 130/1980. **Ákærvaldið**
 gegn
Hinrik Jóni Þórisssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-son, Ármann Snævarr og Þór Vilhjálmsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 6. ágúst 1980, er barst Hæstarétti 8. s. m. Krefst hann þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi.

Ríkissaksóknari krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 6. ágúst 1980.

Ár 1980, miðvikudaginn 6. ágúst, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er að Borgartúni 7 af Ágúst Jónssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR gerði í gær þá kröfu, að kærði, Hinrik Jón Þórisson, Aðalstræti 13, Ísafirði, fæddur 29. ágúst 1952, yrði úrskurðaður til að sæta gæsluvarðhaldi til miðvikudagsins 27. ágúst nk. vegna gruns um brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Málavextir eru sem hér segir:

Sunnudaginn 3. ágúst sl., kl. 1420, var lögreglan kvödd að Bergstaðastræti 30 B í Reykjavík. Hafði húsráðandi þar, Ásgeir Er-lendsson, brugðið sér að heiman um stund, en er hann kom aftur, veitti hann því athygli, að útidyr að íbúð hans voru opnar og lítil rúða í hurðinni brotin. Inni í stofunni voru tveir menn, og kom til átaka milli þeirra og Ásgeirs. Ásgeiri tókst að halda öðrum mannanna í tókum á lóð hússins, uns lögreglan kom og handtók hann, en hinn komst undan. Í íbúðinni hafði verið rótað

í skápum og skúffum, og á stofugólfi var poki með silfurborðbúnaði, sem tekinn hafði verið úr skáp í svefnherbergi. Þá var annar poki með gallabuxum, felgujárni, keðjutöng og hönskum, sem Ásgeir kannaðist ekki við. Hann kvaðst í fljótu bragði einskis sakna úr íbúðinni.

Hinn handtekni, Bárður Ragnar Jónsson, var færður í fangaeymslu. Í fórum sínum hafði hann gullnælu með steini og silfurhring, sem hann kvaðst hafa tekið að Bergstaðastræti 30 B, og glerskera. Í fyrstu kvaðst hann ekki vita önnur deili á þeim, sem með honum var, en að hann væri kallaður „Tóti trúður“, en við yfirheyrslu næsta dag kvað hann féлага sinn vera kærða, Hinrik Jón Þórisson. Kvaðst hann telja, að kærði hefði komist undan með einhverja muni úr innbrotinu.

Kærði var handtekinn aðfaranótt 5. ágúst sl. og yfirheyrður af lögreglu í gær. Hann kannaðist ekki við að hafa brotist inn að Bergstaðastræti 30 B né annars staðar. Hann kvaðst hafa komið til Reykjavíkur frá Súgandafirði þann 29. f. m., en hafa verið talsvert ölvaður síðan og á þvælingi um borgina með ýmsum mönnum, þ. á m. Bárði Ragnari. Fyrir dómi kvaðst kærði telja Bárð Ragnar hafa borið sig sökum vegna þess, að hann hefði undanfarið gengið hart að Bárði Ragnari um endurgreiðslu peningaláns.

Við sakbendingu, sem fram fór hjá RLR í dag, benti Ásgeir Erlendsson á kærða, Hinrik Jón, í hópi manna sem annan innbrotsmannanna.

Þá hefur vitni, sem statt var í grennd við Bergstaðastræti 30 B sl. sunnudag, borið, að það hafi séð tvo ölvaða menn á ferli. Nokkru síðar hafi það heyrt brothljóð og síðan hafi annar manna komið hlaupandi eftir Bergstaðastræti. Vitnið þekkti kærða við sakbendingu í dag og kvað hann hafa verið þann, sem var á hlaupum um Bergstaðastræti.

Í greinargerð með kröfu RLR er þess getið, að rannsóknarlögreglan hafi að undanförmu m. a. unnið að rannsókn 6 innbrota auk ofangreinds innbrots, þar sem stolið var miklum verðmætum, þ. á m. verulegu magni af skartgripum. Ekki verður séð af rannsóknargögnum, að sérstök ástæða sé til að gruna kærða um að hafa verið þar að verki, að undanskildu innbrotinu að Bergstaðastræti 30 B.

Með hliðsjón af framansögðu og með vísan til 1. t. l. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála þykir rétt að verða við kröfu um gæsluvarðhald og ákveða, að kærði skuli

sæta gæsluvarðhaldi, þó ekki lengur en til kl. 1700 miðvikudaginn 20. ágúst nk.

Brot það, sem kærði er grunaður um, getur varðað hann fangelsisrefsingu samkv. XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og eru ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar gæsluvarðhaldi því ekki til fyrirstöðu.

Úrskurðarorð:

Kærði, Hinrik Jón Þórisson, skal sæta gæsluvarðhaldi til kl. 1700 miðvikudaginn 20. ágúst 1980.

Þriðjudaginn 19. ágúst 1980.

Nr. 131/1980. **Ákærvaldið**

gegn

Magnúsi Helga Kristjánssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-son, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 13. ágúst 1980, sem barst Hæstarétti 15. s. m. Krefst hann þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi.

Ríkissaksóknari krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar þykir mega staðfesta hann.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 12. ágúst 1980.

Ár 1980, þriðjudaginn 12. ágúst, var á dómþingi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, sem háð var í húsakynnum dómsins